

**Nd. 406. Frumvarp til laga**

um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla.

Flm.: Jónas Guðmundsson, Héðinn Valdimarsson, Stefán Jóh. Stefánsson, Emil Jónsson, Finnur Jónsson, Sigurður Einarsson, Páll Þorbjörnsson.

**1. gr.**

Rétt á að koma til greina við úrskurðun styrkveitinga samkvæmt ákvæðum laga þessara eiga:

1. Sjúklingar, sem haldnir eru berklaveiki, holdsveiki, kynsjúkdómi, geðveiki (þar með taldir fávitar), eða öðrum alvarlegum, langvinnnum sjúkdómi (þar með taldir ofdrykkjumenn og aðrir eiturfjandeytendur).
2. Daufdumb og alvarlega málhölt, svo og blind og mjög sjóndöpur eða á annan hátt örkumla börn og unglingar.
3. Örkumla menn, er þarfnast gervilima, umbúða eða annara þessháttar tækja.

## 2. gr.

Samkvæmt lögum þessum verður styrkur ekki veittur þeim, sem er svo efnum búinn eða framfærandi hans, að ætla má, að hann sé fær um að standast sjálfur kostnaðinn af sjúkdómi sínum eða örkumli án þess að stofna afkomu sinni í tilfinnanlega hættu.

Samkvæmt lögum þessum verður styrkur ekki heldur veittur til greiðslu kostnaðar, sem hlutaðeigandi á rétt á að fá greiddan samkvæmt lögum um alþýðutryggingar.

## 3. gr.

Ráðherra úrskurðar, að fengnum tillögum landlæknis, hver sé styrkhæfur samkvæmt ákvæðum laga þessara og hvort og á hvern hátt styrk skuli veita samkvæmt þeim, enda séu lögð fram fullnægjandi efnahags- og læknisvottorð, svo og önnur nauðsynleg skilríki.

Ráðherra setur reglur um, hverra efnahags- og læknisvottorða, svo og hverra annara skilríkja sé krafizt til úrskurða samkvæmt lögum þessum, og segir fyrir um, hvernig vottorðin og skilríkin skuli úr garði gerð. Ráðherra segir og fyrir um, hvernig ganga skuli frá öllum reikningum, sem farið er fram á að greiða af styrk þeim, sem veittur er samkvæmt lögum þessum.

## 4. gr.

Nú hefir sjúklingur (sbr. 1. tölulið 1. greinar) verið úrskurðaður styrkhæfur samkvæmt lögum þessum, og á hann þá rétt á styrk úr rikissjóði til greiðslu  $\frac{1}{5}$  kostnaðar við nauðsynlega og hæfilega langa dvöl í sjúkrahúsi eða hæli við hans hæfi, svo og alla viðeigandi aðhlyningu þar, þar með talin nauðsynleg læknishjálp og lyf, enda sé um að ræða slíkt sjúkrahús eða hæli, sem rekið er af ríkinu, eða sjúkrahús eða hæli, sem ráðherra hefir samið við um vist og greiðslur fyrir slíka sjúklinga, er þangað leita.

Ráðherra skal leita samninga við þau sjúkrahús og hæli í landinu, önnur en þau, sem rekin eru af ríkinu, um vist hinna ýmsu sjúklinga, sem úrskurðaðir eru styrkhæfir samkvæmt lögum þessum og þangað leita, enda séu þau sjúkrahús eða hæli hæf til að veita sjúklingunum viðtöku og láta þeim í té viðeigandi aðhlyningu og nauðsynlega læknishjálp.

## 5. gr.

Nú hefir barn eða unglíngur, sem svo er ástatt um, sem segir í 2. tölulið 1. greinar, verið úrskurðaður styrkhæfur samkvæmt lögum þessum, og á hann þá rétt á styrk úr rikissjóði til greiðslu  $\frac{1}{5}$  kostnaðar við nauðsynlega og hæfilega langa dvöl í skóla við hans hæfi, og í heimavist, ef þess er þörf, enda sé um að ræða slíkan skóla, sem rekinn er af ríkinu.

## 6. gr.

Ráðherra er heimilt að úrskurða, að fengnum tillögum landlæknis, að rikissjóðsstyrk skuli veita:

1. Sjúklingi (sbr. 1. tölulið 1. greinar), sem er úrskurðaður styrkhæfur samkvæmt lögum þessum, til greiðslu allt að  $\frac{1}{5}$  kostnaðar við nauðsyn-

lega dvöl í sjúkrahúsi eða hæli, öðrum en þeim, sem um getur í 4. gr., ef nauðsyn hefir borið til að vista sjúklinginn þar til bráðabirgða, annaðhvort vegna þess, að ekki hefir fengizt rúm fyrir hann í sjúkrahúsi eða hæli, sem um getur í 4. gr., eða sjúklingurinn hefir ekki verið flutningsfær í slíkt sjúkrahús eða hæli.

Upphæð styrksins úrskurðar ráðherra með tilliti til dvalarkostnaðar í sjúkrahúsum eða hælum, sem rekin eru af ríkinu, svo og með tilliti til gildandi samninga við sjúkrahús þau eða hæli, sem samið hefir verið við um vist slíkra sjúklinga.

2. Sjúklingi (sbr. 1. tölulið 1. greinar), sem úrskurðaður er styrkhæfur samkvæmt lögum þessum og ekki dvelur í sjúkrahúsi eða hæli, til greiðslu allt að  $\frac{1}{5}$  nauðsynlegs lækningakostnaðar, enda sé læknishjálpin mikilsháttar eða langvarandi, svo sem ljóslækningar berklasjúklinga, nudd og rafmagnsaðgerðir mænuóttarsjúklinga, geitnalækningar o. s. frv.

Upphæð styrksins úrskurðar ráðherra samkvæmt gildandi lækna-gjaldskrá.

3. Barni eða unglingi, sem svo er ástatt um, sem segir í 2. tölulið 1. greinar, og úrskurðaður er styrkhæfur samkvæmt lögum þessum, til greiðslu allt að  $\frac{1}{5}$  kostnaðar við nauðsynlega og hæfilega langa vist í skóla við hans hæfi, öðrum en þeim, sem rekinn er af ríkinu, enda geti barnið eða unglingurinn ekki sótt skóla ríkisins, eða skóli ríkisins ekki veitt því fræðslu við þess hæfi.

Upphæð styrksins úrskurðar ráðherra með tilliti til kostnaðar við dvöl í skóla við hæfi slíkra barna og unglunga, sem hér um ræðir og rekinn er af ríkinu.

4. Örkumla manni (sbr. 3. tölulið 1. greinar), sem úrskurðaður er styrkhæfur samkvæmt lögum þessum, til greiðslu allt að  $\frac{1}{5}$  kostnaðar við útvegum nauðsynlegra gervilima, umbúða eða annara þessháttar tækja.

Upphæð styrksins úrskurðar ráðherra samkvæmt eða með tilliti til samnings, er hann gerir við gervilima- og umbúðasmið um smíði gervilima og umbúða og slíkra tækja fyrir örkumla menn, sem úrskurðaðir eru styrkhæfir samkvæmt lögum þessum og leita viðskipta við hann.

#### 7. gr.

Styrk, sem veittur er samkvæmt lögum þessum, greiðir ráðherra að framlögðum gildum reikningum fyrir hvern styrkþega, ef um styrk er að ræða samkvæmt 4. eða 5. gr. eða 1. eða 3. tölulið 6. greinar, greiðir ráðherra styrkinn til þess sjúkrahúss eða hælis eða skóla, þar sem styrkþeginn hefir verið vistaður, en ef um styrk er að ræða samkvæmt 2. eða 4. tölulið 6. greinar, til þess eða þeirra, er styrkþeganum hafa látið það í té, er þar greinir.

#### 8. gr.

Sjúkrahús eða hæli eða skóli eða annar viðtakandi styrks þess, sem veittur er samkvæmt lögum þessum (sbr. 7. gr.), á rétt á, ef hann er utan þess lög-sagnarumdæmis, þar sem styrkþeginn á framfærslusveit, að ríkissjóður greiði

allan kostnaðinn eins og hann er talinn og úrskurðaður samkvæmt 4., 5. og 6. gr., en ef viðtakandinn er innan þess lögsagnarumdæmis, þar sem styrkþeginn á framfærslusveit, á hann rétt á, að framfærslusveitin greiði það, sem á vantar fulla greiðslu, er rikissjóðstyrkurinn hefir verið greiddur. Þó skal aldrei krefja rikissjóð né framfærslusveit um greiðslu þessa kostnaðarhluta fyrr en styrkþeginn sjálfur eða framfærandi hans hefir verið krafinn um greiðsluna, og ekki nema að svo miklu leyti sem sú krafa hefir engan árangur borið.

Ráðherra innheimtir síðan fyrir hönd rikissjóðs af framfærslusveit styrkþegans það, sem samkvæmt 1. málsgrein þessarar greinar hefir verið greitt úr rikissjóði til bráðabirgða fram yfir ákveðinn eða úrskurðaðan rikissjóðsstyrk til styrkþegans samkvæmt þessum lögum. Framfærslusveit á aftur endurgreiðslukröfu á sjúklinginn eða framfæranda hans.

Framfærslusveit innheimtir ekki þennan kostnaðarhluta af styrkþeganum eða framfæranda hans gegn vilja hans, ef hann er ekki fær um að inna greiðsluna af hendi án þess að stofna afkomu sinni í tilfinnanlega hættu, og telst þá greiðsla sveitarinnar á þessum kostnaðarhluta ekki veittur sveitarstyrkur.

#### 9. gr.

Nú deyr sá, er styrks hefir notið samkvæmt lögum þessum, og lætur engan eftir sig, er honum lifandi bæri skylda til að framfæra, og renna þá eftirláttnar eigur hans, ef nokkrar eru og eftir því, sem þær hrökkva, til endurgreiðslu styrksins, þannig, að fyrst er endurgreiddur útlagður kostnaðarhluti framfærslusveitar, sem ógreiddur kann að vera, og síðan rikissjóðsstyrkurinn.

#### 10. gr.

Sá, er styrks nýtur samkvæmt lögum þessum til að dvelja í sjúkrahúsi eða hæli (sbr. 4. gr. og 1. tölulið 6. greinar) og er að einhverju leyti vinnufær, er skyldur til, auk þess að hlíta öllum almennum sjúkrahúsreglum, að taka þátt í þeim störfum í sjúkrahúsinu eða hælínu, sem hann að dómi yfirlæknis sjúkrahússins eða hælisisins er fær um að inna af hendi, enda sé um að ræða sjúkrahús eða hæli, sem rekið er af ríkinu, sveitarfélagi, almennri alþýðutryggingu eða sjúkrasamlagi innan hennar, eða ef um annað sjúkrahús eða hæli er að ræða, að í samningi milli þess og ráðherra sé heimiluð slík vinna.

Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum yfirlæknis sjúkrahúss eða hælisis og í samráði við landlækni, að setja reglur um vinnu sjúklinga, er þar dvelja og styrks njóta samkvæmt lögum þessum, og má í þeim reglum tryggja sjúklingunum þóknun fyrir arðberandi vinnu, sem þeir leysa af hendi í sjúkrahúsum eða hælum eða í sambandi við sjúkrahús eða hæli, sem rekin eru af ríkinu, svo og þegar um önnur sjúkrahús eða hæli er að ræða, að svo miklu leyti sem því verður komið í kring með samningi milli þeirra og ráðherra.

#### 11. gr.

Sá, er styrks nýtur samkvæmt lögum þessum til að dvelja í skóla (sbr. 5. gr. og 3. tölulið 6. greinar), er skyldur til, auk þess að hlíta almennum skóla-reglum, að taka þátt í þeim störfum í skólanum eða í sambandi við skólann,

sem forstöðumaður í samráði við lækni skólans telur hann færán um að inna af hendi, og fer um allt, er að þessu lýtur, í samræmi við ákvæði 10. greinar um vinnu sjúklinga í sjúkrahúsum eða hælum.

#### 12. gr.

Lög þessi öðlast gildi og koma til framkvæmda samtímis lögum um alþýðutryggingar. Jafnframt falla úr gildi öll ákvæði í lögum, sem koma í bága við ákvæði laga þessara, sbr. einkum lög nr. 60 14. júní 1929, um varnir gegn berklaveiki, og lög nr. 46 23. júní 1932, um breyting á þeim lögum, og fellur 14. grein hinna fyrrnefndu laga, svo sem henni er breytt með hinum síðarnefndu lögum, úr gildi, lög nr. 91 23. júní 1932, um varnir gegn kynsjúkdómum, lög nr. 3 4. febrúar 1898, um aðgreining holdsveikra frá öðrum mönnum, og lög nr. 57 30. júlí 1909, um breyting á þeim lögum, lög nr. 54 23. júní 1932, um afnám laga nr. 33 20. október 1905, um stofnun geðveikrahælis, og lög nr. 24 19. júní 1922, um kennslu heyrnar- og málleysingja.

#### Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að tilhlutun atvinnumálaráðh. Það er samið af landlækni, sem gerir fyrir því svolátandi grein:

Þetta frumvarp er samið að tilhlutun ríkisstjórnarinnar, og er tilgangurinn sá, að setja í heildarkerfi gildandi reglur um beina aðstoð ríkisins til líknar sjúkum mönnum og örkumla, jafnframt því, sem þau ákvæði eru gerð nokkru fyllri og viðtækari en verið hefir, en allt fært til samræmis við ákvæði um sjúkratryggingar í frumvarpi því um alþýðutryggingar, sem lagt verður fyrir Alþingi samhliða þessu frumvarpi.

Frumvarp þetta nær til

- 1) eiginlegra sjúklinga, að svo miklu leyti, sem þeir þurfa á sjúkrahúsvist eða hælisvist að halda, og í einstökum tilfellum, þó að utan sjúkrahúsa sé, ef um mikilsháttar læknishjálpi er að ræða (shr. 2. tölulið 6. gr.),
- 2) harna og unglínga, sem eru daufdumh, alvarlega málhölt, blind eða mjög sjöndöpur eða á annan hátt örkumla, þeim til nauðsynlegrar skólavistar og fræðslu,
- 3) örkumla manna í því skyni að sjá þeim fyrir gervilimum, umbúðum, sjúkravögnum o. s. frv.

#### I. Sjúklingar.

Ríkið hefir nú þegar tekið að sér á svipaðan hátt og gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi sjúklinga þá, sem haldnir eru berklaveiki, með berklavarnarlögum, holdsveiki með holdsveikislögum, kynsjúkdómum með kynsjúkdómalögum, og geðveiki með því ákvæði í lögum, að geðveikir þurfa línar skuli fá vist í geðveikrahæli ríkisins fyrir aðeins kr. 1,50 gjald á legudag. Með frumvarpi þessu er bætt við tveimur flokkum sjúklinga: fávitum, sem fé hefir raunar verið veitt til á síðastliðnu ári og því, sem nú er að líða, og sjúklingum, sem haldnir eru öðrum langvinnum sjúkdómum en taldir hafa verið,

þar á meðal ofdrykkjumenn og deyfilyfjaneytendur. En ýmsir sjúklingar, sem til þess flokks myndu teljast, hafa einnig við og við notið rikissjóðsstyrks, og má þar til nefna styrk til mænusóttarsjúklinga og geitnasjúklinga, svo og hina persónulegu sjúkrastyrki á fjárlögum.

Síðastliðin 5 ár (1930—1934) hefir kostnaðurinn við þessa sjúkraframbærslu ríkisins numið, samkvæmt lauslegu yfirliti frá rikisbókhaldinu og dómismálaráðuneytinu:

1. Berklasjúklingar	
1930 .....	kr. 674534.89
1931 .....	— 692677.92
1932 .....	— 925211.43
1933 .....	— 922512.60
1934 .....	— 993673.07
	—————
	kr. 4208609.91
2. Holdsveikissjúklingar (aðallega Laugarnesspítali) .....	— 292632.77
3. Kynsjúkdómasjúklingar .....	— 68019.91
4. Geðveikissjúklingar og fávítar (aðall. Kleppsspítalarnir) .....	— 665512.67
5. Geitnasjúklingar .....	— 4160.00
6. Mænusóttarsjúklingar .....	— 1677.50
7. Persónulegir sjúkrastyrkir .....	— 14900.00
	—————
	Kr. 5255512.76

Verður kostnaður samkvæmt þessu til uppjafnaðar rúmlega 1 millj. og 50 þús. kr. á ári, og kemur þó ekki allt til reiknings, þar á meðal ekki sá hluti af rekstrarhalla Landsspítalans, sem til þessa sjúkrakostnaðar mætti telja, ekki sá hluti af greiðslum ríkisins til uppbótar á fátækraframbærri hreppsfélaga, sem er vegna sjúkrakostnaðar hreppanna og gera má ráð fyrir, að nemi a. m. k. 100 þús. kr. á ári, miðað við árlegar endurgreiðslur vegna sjúkrakostnaðar, áður en fátækralögunum var breytt. Enn eru ótaldir rikissjóðsstyrkir til sjúkrasjóða víðsvegar um landið, svo og ýmsar huldar greiðslur, sem dulizt geta í ýmsum liðum landsreikninganna. Þess er og að gæta, að allra síðustu árin hafa nýir kostnaðarliðir bætzt hér við, svo sem styrkir til fávita, sem á núgildandi fjárlögum eru ákveðnir 5000 kr., og sjúkrahúskostnaður kynsjúkdómasjúklinga samkv. breytingu á kynsjúkdómalögunum frá 1932. Er kynsjúkdómakostnaðurinn á síðustu fjárlögum áætlaður 30 þús. kr., miðað við reynslu síðastliðins árs, og þó tæplega nóg í lagt. En áður var þessi kostnaður að jafnaði 6—10 þús. kr. á ári. Ef allt kæmi til reiknings, geri ég ráð fyrir, að lítið skorti á, að varið sé nú úr rikissjóði til þeirrar sjúkrahjálpar, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, 1¼ millj. króna.

Um þörfina á að gera þessa sjúkrahjálpar ríkisins nokkru viðtækari en verið hefir, þannig, að ekki sé gert upp á milli þurfandi sjúklinga, eftir því, hvert heiti er gefið sjúkdóminum, sem þjáir þá, svo sem nú tíðkast, þarf ekki að ræða, með því að það getur engum ágreiningi valdið. Hitt kemur til álita, hvern kostnaðarauka fyrir rikissjóð réttarbætur þessar mundu hafa í för með sér.

Í lögum um alþýðutryggingar, sem lögð verða fyrir Alþingi samhliða þessu frv. í því skyni, að hvorttveggja frv. verði að lögum samtímis, er gert ráð fyrir, að sjúkrasamlög, sem þegar er skylt að stofna í öllum kaupstöðum svo og í þeim hreppum, þar sem helmingur kjósenda æskir þess, taki meðal annars að sér greiðslur á sjúkrahúss- og hælsvist meðlima sinna í allt að 6 mánuði í hverju sjúkdómstillfelli. Þetta dregur verulega úr ríkissjóðsgreiðslum samkvæmt þessum lögum, þó að það sé ríkissjóði engan veginn að kostnaðarlausu að öðru leyti, og vísast um það til greinargerðarinnar fyrir alþýðutryggingafrv.

Samkvæmt athugunum, sem atvinnuáráðuneytið hefir látið gera, virðist kostnaður við sjúkrahúss- og hælsvist svo og aðra læknishjálp úrskurðaðra styrkhæfra berklasjúklinga fyrstu 6 mánuði sjúkdómsins nema samtals ca. 300 þús. kr. á ári og skiptast nokkurnveginn jafnt á milli kaupstaða og hreppa. Eftir því ætti alþýðutryggingin að taka þegar að sér 150 þús. kr. af berklakostnaði kaupstaðanna, og með því að gera má ráð fyrir, að allmargir hreppar og einkum hinir fjölmennustu bregði þegar við og stofni sjúkrasamlög, virðist ekki fjarri sanni að gera ráð fyrir, að 200 þús. kr. af berklakostnaðinum falli mjög bráðlega á trygginguna. Tryggingin mundi og taka að sér mjög mikinn hluta af lækninga- og legukostnaði kynsjúkdómasjúklinganna, og gizka ég á 10 þús. kr. Hluttöku tryggingarinnar í sjúkrahúskostnaði geðveikra sjúklinga og þátttöku sveitarfélaga í sjúkrahúskostnaði holdsveikissjúklinga læt ég jafna það upp, sem skorta kann á, að greiðsla berklaveikra og geðveikra sjúklinga eða aðstandenda þeirra á  $\frac{1}{3}$  hluta legukostnaðarins á móti  $\frac{4}{5}$  úr ríkissjóði jafnist á við berklakostnaðargreiðslur sýslusjóða nú og greiðslu kr. 1,50 daggjalds með geðveikissjúklingum á Kleppi. En það hefir ríkisstjórnin raunar jafnan í sinni hendi, og fer það eftir því, hvert daggjald verður ákveðið í sjúkrahúsum ríkisins. Með því að ríkissjóði er ætlað að leggja fram til trygginganna  $\frac{1}{6}$  af fé því, er þær fá til umráða, koma 35 þús. kr. til frádráttar þeim 210 þús. kr. kostnaði, sem gert er ráð fyrir, að alþýðutryggingin spari ríkissjóði á hinum tveimur póstum, berklakostnaðinum og kynsjúkdómakostnaðinum, og nemur þá sparnaðurinn 175 þús. kr.

Gera má þegar ráð fyrir þeim kostnaðarauka af styrk til fávita samkv. ákvæðum þessa frv., sem leiða mundi af því, ef fávitaþæli það, sem til er, á Hverakoti í Grímsnesi, yrði þegar fullskipað fávítum, er styrktir yrðu úr ríkissjóði. Fávitaþæli þetta tekur í hæsta lagi 25 fávita, og mundi vera auðgert að semja um 80 kr. meðgjöf með hverjum fávita á mánuði. Yrði þá hluti ríkissjóðs af meðgjöfinni með öllum fávítunum 19500 kr. Allvel væri séð fyrir fávitamálunum til bráðabirgða, ef öðru hæli svipuðu yrði komið upp fyrir stálpaða drengi og fullorðna karlmenn, og þyrfti kostnaður ríkissjóðs af meðgjöf með fávítum á tveimur slíkum hælum ekki að fara fram úr 40 þús. kr., sem er 35 þús. kr. meira en greitt er til fávita nú.

Þá er eftir að athuga kostnaðinn við sjúkrahúsvist og læknishjálp sjúklinga með aðra alvarlega langvarandi sjúkdóma en berklaveiki, holdsveiki, kynsjúkdóma og geðveiki (þar með taldir fávitar). Ég hefi athugað, hve margir slíkir sjúklingar lágu í sjúkrahúsum og höfðu legið lengur en 6 mán-

uði á síðustu áramótum, og voru þeir 26 talsins á öllu landinu. Legukostnaður 26 sjúkl. árlangt, miðað við 5 kr. daggjald, er 47450 kr., eða hluti rikissjóðs samkv. frv. 37960 kr. Að vísu má gera ráð fyrir, að tala slíkra sjúklinga mundi aukast allverulega, ef þeim byðust þau friðindi, sem frv. þetta gerir ráð fyrir, en vel tel ég í lagt til bráðabirgða að gera ráð fyrir, að talan nálgæðist það að þrefaldast, þannig, að kostnaðarbluti rikissjóðs næmi 100 þús. kr., og væru raunar engin tók á að koma svo mörgum sjúklingum fyrir í sjúkrahúsum eins og á stendur, en þess er að gæta, að mjög aðkallandi er, að komið verði upp hæli fyrir ofdrykkjumenn, sem frv. gerir ráð fyrir, að styrktir verði til bælisvistar. Kostnaðarauka af þessum sjúklingum vil ég ekki telja nema ca. 50 þús. kr., með því að til frádráttar ættu að koma, auk smávægilegs heins kostnaðar, sem rikissjóður hefir nú af slíkum sjúklingum, milli 40 og 50 þús. kr. upphæð, sem rikissjóði ætti að sparast í uppbótargreiðslum á fátækraframfæri til hreppa, sem losna á þennan hátt að mestu leyti við þessa þungu ómaga.

Samkvæmt þessu telst mér til, að af þeirri upphæð, sem nú er varið í þessu skyni, séu eftir 90 þús. kr. til annara ráðstafana samkv. lögum þessum.

## II. Skólavist daufdumbra, málhaltra, blindra og örkumla barna og unglunga.

Ég geri ekki ráð fyrir, að hér verði breyting á, er miklum kostnaði þurfi að valda. Kostnaðurinn við daufdumbraforsjána hefir numið á síðustu 5 árum kr. 191331.74 eða til uppjafnaðar tæpum 40 þús. kr. á ári. Fyrir mér vakir, að færðar verði út kvíar skólans, þannig, að unnt verði að taka þangað til kennslu önnur málhölt börn, blind og á annan hátt örkumla, til þess að veita þeim þá fræðslu, er unnt er að láta slíkum unglungum í té hér á landi. Þau börn, er hér kæmu til greina, mundu verða mjög fá. Kostnaðarauka af þessu áætla ég fyrst um sinn 5 þús. kr.

## III. Gervilimir, umbúðir og þess háttar tæki handa örkumla mönnum.

Til gervilimasmiðs og styrktar örkumla fólki til gervilimakaupa hefir á síðustu 5 árum verið eytt úr rikissjóði 33767 kr., eða kr. 6753.40 til jafnaðar á ári. Með því að gert er ráð fyrir, að alþýðutryggingin skili fólki, sem verður örkumla vegna slysa eða sjúkdóma, frá sér með gervilimum, umbúðum eða öðrum þess háttar tækjum, en ríkið hjálpi þeim síðan samkv. ákvæðum þessa frv. til að halda þessum tækjum við og endurnýja þau, geri ég ekki ráð fyrir, að fyrst um sinn þurfi ákvæði frv. þessu viðvikjandi að hafa verulegan kostnaðarauka í för með sér.

Samkvæmt því, sem að framan segir, er gert kostnaðaryfirlit það, sem fer hér á eftir:

A. Á alþýðutrygginguna fellur kostnaður, sem nú er greiddur úr rikissjóði til sjúkraframfærslu:

1. Af berklakostnaði .....	kr. 200000.00
2. Af kynsjúkdómakostnaði .....	— 10000.00
	<hr/>
	Kr. 210000.00



B. Kostnaðarauki samkv. þessu frv. og frv. um alþýðutryggingar:

1. Til fávita .....	kr. 35000.00
2. Til sjúklinga með langvarandi sjúkdóma, þar á meðal til hælsvistar ofdrykkjumanna .....	— 50000.00
3. Til daufdumbraskólans .....	— 5000.00
4. Til alþýðutryggingarinnar upp i kostnað við A-lið .....	— 35000.00
5. Mismunur .....	— 85000.00
	<hr/>
	Kr. 210000.00

Samkvæmt þessari áætlun sparast þá ríkissjóði á þessu frv. og á frv. um alþýðutryggingar, að því er snertir þá sérstöku sjúkraframbærslu, sem hér er um að ræða, 85 þús. kr., en að því ber að gæta um þessa áætlun, að hún er miðuð við næstu tíma, en kostnaðurinn hækkar að sjálfsgöðu eftir því sem sjúkrahúsum, hælum og öðrum heilbrigðisstofnunum fjölgar og eftir því sem kröfur manna aukast um að nota slíkar stofnanir og þær kröfur ná viðurkenningu yfirvalda. Kostnaðurinn fer og þegar frá upphafi mjög mikið eftir framkv. laganna. Öllum friðindum af þessu tæi fylgir sú hætta, að misnotkun eigi sér stað, og er einkum mikið undir því komið, ef kostnaði á að halda í skynsamlegum skefjum, að læknum lærist að þræða hinn vandfarna meðalhófsveg að gæta heilla sjúklinga sinna án þess að gleyma fjárhagslegum hagsmunum þjóðfélagsins, sem er undirstaðan undir öllum friðindunum.

Um hinar einstöku greinar skal þessa getið:

Um 1. gr.

Þegar talað er um alvarlega og *langvinna* sjúkdóma *aðra en* berklaveiki, holdsveiki, kynsjúkdóma og geðveiki (þar með taldir fávitar), er til þess ætlazt, að yfirleitt sé miðað við sjúkdóma, sem krefjast lengri sjúkrahúss- eða hælsvistar en 6 mánaða, og að þegar sjúklingar með slíka sjúkdóma úr hreppum, þar sem ekki eru sjúkrasamlög, eiga í hlut, verði þeir ekki fremur en sjúkrasamlagsmeðlimir úrskurðaðir á ríkisframbæri fyrir en eftir að þeir hafa þarfnast og notið 6 mánaða sjúkrahúss- eða hælsvistar á eigin kostnað eða framfæranda síns. Hér undan eru þó teknir sjúkdómar, sem sjúkrasamlög greiða ekki almennt fyrir, t. d. ofdrykkja.

Um 2.—5. gr.

Ætlazt er til, að horfið verði frá því, sem tíðkamt hefir um úrskurði samkvæmt berklavarnalögum, að sjúklingar séu úrskurðaðir að nokkru leyti styrkhæfir, þannig, að þeim sé gert að greiða nokkurn hluta daggjalds í sjúkrahúsi eða hæli o.s.frv. Eftir frv. eru menn annaðhvort að öllu leyti styrkhæfir skv. ákvæðum þess eða ekki. Ef maður er svo efnun búinn, að ætla má, að hann geti kostað sig að nokkru leyti sjálfur, sé honum gert að kosta sig að öllu leyti, styttri eða lengri tíma, eftir því sem talið er, að efnahagur hans leyfi, en síðan sé hann tekinn á fullt framfæri. Fullt ríkisframbæri má þó aldrei nema meiru samkv. frv. en  $\frac{1}{5}$  kostnaðarins.  $\frac{1}{5}$  verður sjúklingurinn jafnan að bera sjálfur eða framfærandi hans. Er gert ráð fyrir, að þetta verði nokkur trygg-

ing gegn misnotkun. Öreigar eða lítt efnum búinir menn eiga þó eftir sem áður kröfu á, að greitt sé að fullu með þeim af opinberu fé. Aðeins verður framfærslusveit þeirra að sjá um greiðslu  $\frac{1}{5}$  hluta kostnaðarins, sem aldrei má telja sveitarstyrk og aldrei má heimta endurgreiðslu á, ef afkomu hlutaðeiganda er með því stofnað í tilfinnanlega hættu. Samræmis vegna er fallið frá því að innheimta hluta berklavarnakostnaðarins úr sýslusjóðum. Í stað þess lendar  $\frac{1}{5}$  hluti kostnaðar á framfærslusveit, þegar hlutaðeigandi greiðir ekki þann hluta sjálfur eða framfærandi hans, og skiptir það ekki verulegu máli fyrir hreppana, eftir að þeir eiga rétt á uppbót á fátækraframfæri samkv. fátækralögum, enda er að öðru leyti miklu létt af sveitarfélögum samkv. ákvæðum þessa frv.

Ákvæðið um samninga við sjúkrahús og hæli um vist sjúklinga, sem njóta ríkisframfærslu, er í samræmi við nýlega sett ákvæði í berklavarnalögum, sem hefir gefizt vel.

#### Um 6. gr.

Heimild ráðherra til greiðslu með sjúklingum og örkunla fólki samkv. þessari gr. er í samræmi við núgildandi ákvæði berklavarnalaga.

#### Um 7. og 8. gr.

Að mestu leyti samkv. því, sem tíðkamt hefir um greiðslur samkv. berklavarnalögum. Óhjákvæmilegt þykir, vegna örðugrar innheimtu sjúkrahúsa og hæla hjá fjarliggjandi sveitarfélögum, að gera ríkissjóð að millilið, sem í flestum tilfellum stendur vel að vígi um innheimtuna, t. d. með skuldajöfnuði.

#### Um 9. gr.

Rétt þykir, að eignir styrkþega, er deyr án þess að láta eftir sig nokkurn þann, er honum lifandi hæri skylda til að framfæra, renni til endurgreiðslu styrksins eftir því sem þær hrökkva til. En ef til vill væri ástæða til að setja jafnframt ákvæði til tryggingar gegn því, að styrkþegi, sem svo er ástatt um, geti ráðstafað eignum sínum fyrir dauða sinn, og þannig farið í kringum ákvæði þessarar greinar.

#### Um 10. og 11. gr.

Að mestu leyti í samræmi við tilsvarendi ákvæði í berklavarnalögum, en að nokkru fyllra.

#### Um 12. gr.

Parfnast ekki skýringa.